Ennfremur getur borgarráð með sama hætti heimilað, að fyrirtæki, er selja um söluop og hafa á boðstólum heitar pylsur, smurt brauð, annan tilbúinn mat innpakkaðan, mjólk, heita drykki og aðrar neyzluvörur, sem heilbrigðisnefnd leyfir, megi vera opnar til kl. 23.30, enn fremur má selja vörur, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., þótt ekki séu neyzluvörur, ef heilbrigðisnefnd telur aðstæður til slíks fullnægjandi. Að fengnum meðmælum lögreglustjóra getur borgarráð leyft að sala fari þar fram eftir kl. 23.30, en þá skal jafnframt ákveðið, hvenær lokað skuli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Borgarráð getur heimilað verzlunum, sem hafa til sölu sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, að hafa opið með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr.

Áður en leyfi, skv. 1. mgr. verður veitt, skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og lögreglustjóra, og má ekki veita leyfi, nema meðmæli þeirra komi til.

Um framkvæmd að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum samþykktarinnar eftir því, sem við getur átt.

Borgarráð getur áskilið greiðslu gjalds, skv. 11. gr., fyrir hvert leyfi, sem veitt verður skv. þessari grein.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1964.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

30. júní. Nr. 152.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 75 29. apríl 1963, um innflutings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

A. Eftirtaldir liðir falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund
20.07.01	Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri.
43.03.00	Vörur úr loðskinnum.
48.03.09	Pergamentpappír og pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar og pergamyn, í rúllum eða örkum.
48.17.00	Spjaldskrárkassar, geymsluöskjur og annað þess háttar úr pappír og pappa til notkunar á skrifstofum, verzlunum o. þ. h.
59.09.09	Vaxdúkur.
70.03.00	Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler), óunnið.
70.07.00	Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lögun en rétthyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; marglaga einangrunargler, blýgreyptar rúður og þess hátar.

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund
70.09.00	Glerspeglar, einnig í umgerð eða með baki.
70.11.00	Glerkúlur og glerpípur fyrir rafmagnsglólampa, rafeindalampa o. þ. h.
73.35.00	Húsgagnafjaðrir úr járni eða stáli.

B. Eftirtaldir liðir í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

19.07.00—	
19.08.00	Brauðvörur, nema hrökkbrauð og kex annað en súkkulaðikex.
48.09.00	Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum, þó ekki plasthúðaðar plötur.
58.01.00	Gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), hnýtt, einnig fullfrágengin, þó ekki kókosmottur.
58.02.00	Önnur gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), einnig fullgerð, kelím-, sumak-, karamaniteppi og önnur svipuð teppi, einnig fullgerð, þó ekki plastgólfteppi og dreglar án vefnaðar.
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og virmanila.
64.01.02—	
64.01.09	Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmíi, þó ekki vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
64.02.01—	
64.02.09	Skófatnaður með ytri sóla úr gúmmíi, þó ekki með yfirhluta úr leðri eða skinni.
68.08.00	Vörur úr asfalti og öðru áþekku efni (t. d. jarðolíubiki og koltjörubiki), þó ekki vegg- og gólfflísar.
97.01.00—	
97.03.00	Leikföng og smálíkön til leikja og skemmtunar, þó ekki barnaþríhjól og flugvéla-, skipa- og bílamódel, ósamsett eða hálfsmíðuð o. þ. h. föndurleikföng.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi 1. ágúst 1964.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. júní 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.